



Yfirlit yfir fullnaðarafgreiðslur skipulagsfulltrúa:

24. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 10. júní 2025.	2
25. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 23. júní 2025.	4
26. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 14. júlí 2025.	6
27. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 11. ágúst 2025.	7
28. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2025.	8
29. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 5. september 2025.....	10
30. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 22. september 2025.....	11



24. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 10. júní 2025.

25052536-Vatnsendavegur. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Lögð fram að nýju umsókn framkvæmdadeildar dags. 14. apríl 2025 um framkvæmdaleyfi vegna Vatnsendavegar. Framkvæmdin verður innan deiliskipulagsmarka tveggja deiliskipulaga og felur í sér fullnaðarfráfang Vatnsendavegar á milli Vatnsendahvarfs og Arnarnesvegar. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnisstjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2025. Uppdrættir í mkv. 1:1000 dags. 28. mars 2025.

Samþykkt með vísan til 11. tl. 3. gr. viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024 að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2025. Vísað til lögfræðideildar til útgáfu framkvæmdaleyfis f.h. skipulagsfulltrúa. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 30 í samþykkt Kópavogsbæjar nr. 1725/2024, sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

25031324-Dalsmári 1. Smáraskóli. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn umhverfissviðs dags. 11. apríl 2025 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Dalsmára. Í breytingunni felst nýr byggingarreitir, um 19,7m x 28,7m að stærð, fyrir þrjár færanlegar kennslustofur. Fyrirhugaðar kennslustofur verða samtals 428m² á stærð, tengdar saman með tengigangi og á einni hæð. Hámarks þak- og vegghæð frá gólfi mun vera um 4,12m. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. apríl 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna, var hún grenndarkynnt frá 30. apríl til 30. maí 2025. Engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir í mkv. 1:2000 og 1:250 dags. 11. apríl 2025.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

25041690-Digranesvegur 15. Kópavogsskóli. Byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram að nýju að lokinni grenndarkynningu erindi byggingarfulltrúa dags. 11. apríl 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn umhverfissviðs Kópavogsbæjar fyrir lóðina nr. 15 við Digranesveg var vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um byggingarleyfi fyrir fjórum færanlegum kennslustofum á norðausturhluta lóðarinnar. Fyrirhugaðar kennslustofur verða samtals 419 m² að stærð. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. apríl 2025 var samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknina, var hún grenndarkynnt frá 6. maí til 6. júní 2025. Engar athugasemdir bárust. Uppdrættir í mkv. 1:1000, 1:500, 1:100 og 1:50 dags. 29. apríl 2025 og skuggavarpsgreining dags. 7. apríl 2025.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.



2503150-Tónahvarf 12. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn Gunnars Sigurðssonar arkitekts dags. 3. mars 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 12 við Tónahvarf um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að heimilt verði að koma fyrir milliloftum á 1. hæð núverandi byggingar á lóðinni. Byggingarmagn eykst úr 3.355 m² í 3.760 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,63 í 0,71. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 24. mars 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna, var hún grenndarkynnt frá 14. apríl til 23. maí 2025. Engar athugasemdir bárust. Uppdrættir í mkv. 1:1000, 1:500 og 1:250 dags. 10. apríl 2025.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

25052622-Heiðmörk. Nýtt deiliskipulag - skipulagslýsing. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram að nýju umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar dags. 22. maí 2025 vegna skipulagslýsingar nýs deiliskipulags Heiðmerkur dags. í maí 2025. Markmið deiliskipulagsins er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd og að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnisstjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2025.

Andrea Kristinsdóttir verkefnisstjóri aðalskipulags tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2025 samþykkt.

25053212-Bolaalda. Rannsóknarboranir. Tilkynning um framkvæmd. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram að nýju umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar dags. 26. maí 2025 vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu vegna áforma Reykjavík Geothermal um að bora tvær rannsóknarborholur sunnan við Bolaöldu, dags. í maí 2025. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar 26. maí 2025 var umsagnarbeiðni vísað til umsagnar verkefnisstjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júní 2025.

Andrea Kristinsdóttir verkefnisstjóri aðalskipulags tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júní 2025 samþykkt.



25. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 23. júní 2025.

25061782-Urðarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram umsókn Brynjars Darra Baldurssonar arkitekts dags. 18. júní 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 10 við Urðarhvarf um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst aukning byggingarmagns neðanjarðar um 1.100 m², heildaraukning byggingarmangs á lóðinni hækkar úr 6.600 m² í 7.700 m². Einnig er sótt um breytingu á fyrirkomulagi kjallara þar sem byggingarreit er snúið (90° gr. úr austur vestur í norður suður) og vegna landhalla verður bílakjallari á tveimur hæðum, hvor með sér innkeyrslu.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025.

Samþykkt með vísan til 8. tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

25053000-Hafnarbraut 2. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Gunnars Ágústssonar arkitekts dags. 23. maí 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 2 við Hafnarbraut um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst minnkun lóðarinnar og aukning byggingarmagns, að hækka núverandi hús sem og breyta húsnæðinu í íbúðarhúsnæðinu með allt að 24 íbúðum. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2025.

25052934-Askalind 2A. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar arkitekts dags. 23. maí 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 2A við Askalind um hækkun hússins, breytingar byggingarreits með viðbyggingu á austur- og vesturhlið og kjallari/jarðhæð verði stækkuð. Samtals stækkun um 1660 m². Einnig er sótt um fjölgun bílastæða úr 53 í 57. Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,59 í 1,03. Uppdrættir í mkv. 1:500 og 1:200 dags. 22. maí 2025.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2025.



2506668-Dalaping 11. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 11 við Dalaping um að byggja gróðurhús eða garðskála á 49 m² í stað hesthúss.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2025.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2025 er ekki gerð athugasemd við fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt berist hún.

2503148-Fjallalind 108. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn Hildar Bjarnadóttur arkitekts dags. 3. mars 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 108 við Fjallalind um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að fá samþykkt á þegar gerðu opnu bílskýli og steiptum skjólveggi á lóðarmörkum. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 11. mars 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna, var hún grenndarkynnt frá 12. maí til 16. júní. Engar athugasemdir bárust.

Uppdráttur í mkv. 1:1000 og 1:200 dags. 25. mars 2025.

Samþykkt með vísan til 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

24102563-Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Landnotkunarheimildir við Hringbraut. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg dags. 19. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Kópavogsbæjar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna breyttra landnotkunarheimilda við Hringbraut þar sem Hringbraut verður aðalgata frá Bjarkargötu að Suðurgötu, dags. mars 2025. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025, samþykkt.

25061364-Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Laugardalur. Breytt landnotkun. Skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg dags. 13. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Kópavogsbæjar um skipulagslýsingu og drög að tillögu fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna breyttrar landnotkunar í Laugardal þar sem skilgreina á samfélagsþjónustu við Reykjaveg, dags. mars 2025. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025, samþykkt.



26. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 14. júlí 2025.

25053548-Reynihvammur 41. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Bjarna R. Valdimarssonar f.h. lóðarhafa dags. 27. maí 2025 um 32 m² um viðbyggingu ofan á núverandi bílskúr. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 16. júní 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnisstjóra. Þá er lögð fram umsögn verkefnisstjóra dags. 14. júlí 2025.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. júlí 2025 eru ekki gerðar athugasemdir við sótt verði um byggingarleyfi í samræmi við erindið sem yrði grenndarkynnt.

25031165-Vatnsendablettur 4. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn lóðarhafa lóðarinnar nr. 4 við Vatnsendablett dags. 11. mars 2025 um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst heimild til að byggja 67 m² bílgeymslu austan við núverandi einbýlishús á lóðinni. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0.03 í 0.04. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12. maí 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Var hún grenndarkynnt frá 12. júní til 13. júlí 2025. Engar athugasemdir bárust. Uppdrættir í mkv.1:2000, 1:500 og 1:250 dags. 8. maí 2025.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

24092692-Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Keldur og nágrenni. Tillaga á vinnslustigi. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg dags. 3. júlí 2025 vegna tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 um breytingar á landnotkun og þróun byggðar í landi Keldna og nágrennis.

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna.



27. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 11. ágúst 2025.

25033297-Skemmuvegur 48-50. Byggingarleyfisumsókn.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Guðna Sigurbjörns Sigurðssonar byggingartækniþræðings dags. 16. janúar 2025 þar sem sótt var um 313,5 m² viðbyggingu á einni hæð á suðurhluta lóðarinnar nr. 48-50 við Skemmuveg. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,35 í 0,39. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 9. júlí til 7. ágúst. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

2503094-Hamraendi 14-20. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn lóðarhafa lóðarinnar nr. 14-20 við Hamraenda dags. 3. mars 2025 um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst 38,8 m² viðbygging innan hestagerðis á vesturhlið hesthússins. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,31 í 0,33. Umsóknin var grenndarkynnt frá 8. apríl til 15. maí 2025 og grenndarkynnt að nýju ásamt uppfærðum uppdráttum dags. 20. júní 2025, frá 7. júlí til 7. ágúst 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.



28. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2025.

25081260-Brú yfir Fossvog. Breytt deiliskipulag. Lóð fyrir brúarsporð Reykjavíkurmegin.

Lögð fram tillaga Reykjavíkurborgar dags. 18. ágúst 2025 að breytingu á deiliskipulagi brúar yfir Fossvog. Í breytingunni felst afmörkun lóðar fyrir brúarsporð innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur.

Samþykkt.

2508381-Stöðvarhvarf 2-8. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Tendra arkitektar dags. 11. ágúst 2025 f.h. lóðarhafa lóðanna nr. 2-8 við Stöðvarhvarf um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að fyrirhugað stigahús verði ekki gegnumgengt eins og krafa er um í gildandi deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Jafnframt lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2025.

Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

25071627-Hófgerði 18. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa dags. 31. júlí 2025 um sér fasteignanúmer fyrir íbúð í kjallara. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 11. ágúst 2025 var erindinu vísað til umsagnar. Nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025.

2507871-Hrauntunga 11. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa dags. 12. júlí 2025 ásamt uppdráttum dags. 10. júlí 2025 um fyrirhugaða 80 m² viðbyggingu við suðurhlíð núverandi húss á lóðinni nr. 11 við Hrauntungu. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 11. ágúst 2025 var byggingarleyfisumsókninni vísað til umsagnar. Nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025.

2508249-Holtagerði 49. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Bjarna Snæbjörnssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 49 við Holtagerði ásamt uppdráttum dags. 7. ágúst 2025 um 52,2 m² viðbyggingu. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,18 í 0,25. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 11. ágúst 2025 var erindinu vísað til umsagnar. Nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025.

Ekki er gerð athugasemd við að sótt verði um byggingarleyfi í samræmi við erindið.

Byggingarleyfisumsóknin verður grenndarkynnt, berist hún.



25043607-Skjólbraut 5. Byggingarleyfisumsókn

Lögð fram byggingarleyfisumsókn Braga Blumenstein arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 5 við Skjólbraut. Sótt er um 60,2 m² viðbygging til vesturs, og hækkun á húsi með kvistum. Þakform breytist úr valmapaki í söðulpak. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,19 í 0,27. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 13. júní til 11. júlí 2025. Athugasemdir bárust. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. júlí 2025 var erindinu vísað til umsagnar. Nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025. Uppdrættir dags. 8. mars 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025 samþykkt. Vísað til fullnaðarafgeiðslu byggingarfulltrúa.

25033298-Vallargerði 40. Byggingarleyfisumsókn.

Lögð fram byggingarleyfisumsókn Ágústs Þórðarsonar byggingafræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 40 við Vallargerði. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 65,2 m² stakstæðum bílskúr ásamt geymslu á norðurhluta lóðarinnar. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,3 í 0,38. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 28. maí til 26. júní 2025. Athugasemdir bárust. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. júlí 2025 var byggingarleyfisumsókninni vísað til umsagnar. Nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2025. Uppdrættir dags. 25. mars 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2025 samþykkt. Vísað til fullnaðarafgeiðslu byggingarfulltrúa.



29. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 5. september 2025.

25081023-Frostabíng 4. Byggingarleyfisumsókn.

Lögð fram byggingarleyfisumsókn Mardísar M. Andersen byggingarfræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 4 við Frostabíng. Sótt er um að breyta innra skipulagi 1. hæðar, setja geymslu undir svalir og bæta við svalalokunum undir svalir til austurs auk þess að bæta við herbergi í stofu á 2. hæð. Uppdrættir dags. 23. júní 2025. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2025.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2025 eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

25081032-Naustavör 60. Byggingarleyfisumsókn.

Lögð fram byggingarleyfisumsókn Gunnars Páls Kristinssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 60 við Naustavör er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um að byggja 10,1 m² sólskála við íbuð á 4. hæð á norð-vesturhlíð hússins. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

2507954-Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar með tilliti til Borgarlínu. Kynning umhverfismatsskýrslu. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram að nýju umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar dags. 15. júlí 2025 vegna umhverfismatsskýrslu dags. í júlí 2025. Umhverfismatsskýrslunni fylgir viðaukahefti dags. 23. apríl 2025 og teikningahefti dags. í mars 2025. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra og nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september samþykkt.



30. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 22. september 2025.

25082174-Austurgerði 7. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 7 við Austurgerði dags. 29. ágúst 2025 um að breyta íbúðagötunni í botnlangagötu. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 5. september 2025 var erindinu vísað til umsagnar deildarstjóra gatnadeildar og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra gatnadeildar dags. 22. september 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar deildarstjóra gatnadeildar dags. 22. september 2025.

25081773-Fjallakór 10. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram umsókn lóðarhafa lóðarinnar nr. 10 við Fjallakór um breytingu á deiliskipulagi dags. 27. ágúst 2025. Í breytingunni felst fjölgun bílastæða á lóðinni. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 5. september 2025 var erindinu vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2025 samþykkt.

2509226-Dalvegur 30A. Byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 29. ágúst 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Stefáns Arnars Stefánssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 30A við Dalveg er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um að koma fyrir 7,5 m² dreifistöð á lóðinni. Uppdrættir dags. 11. ágúst 2025. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 5. september 2025 var erindinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2025 samþykkt.